



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Akureyri 16. desember 2005

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjógvgun). Pskj. 374 – 340. mál.

Með bréfi dags. 7. desember 2005 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytinga á ofangreindum lögum. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:


Stofan vill benda á að endurskoða mætti enn frekar 7. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990, þ.e. að fella mætti niður ákvæðið um að hjón skulu hafa lögheimili á sama stað eða bæta inn ákvæði um undanþágu vegna t.d. náms eða starfs. Telur stofan að núverandi lagaákvæði gæti stangast á við 1. gr. í sumum tilfellum. Þessi lög geta einnig valdið vandræðum þegar hjón gegna bæði embættum sem fylgir skylda til búsetu í ákveðnu sveitarfélagi. Telur stofan að konur séu líklegri til þess að sníða starfsval sitt að starfsvali eiginmanns og því ekki gegna slíkum embættum í öðru sveitarfélagi en eiginmaður. Lög ættu ekki að styðja slíkt. Að lokum er bent á að skylda sem þessi getur komið í veg fyrir að við fáum rétta mynd af fjölskyldumynstri nútímans þar sem vegalengdir eru styttri og samgöngur betri, og hugtakið fjarbúð orðið til.

Loks vill stofan vekja athygli á aðgengismun kynjanna að tæknifrjógvgun. Samkynhneigðar konur fá með frumvarpinu (sbr. 17. gr.) aðgang að tæknifrjógvgun með gjafasæði og geta því eignast börn með sínum kynfrumum. Samkynhneigðum körlum, líkama sinna vegna, býðst ekki þessi leið, þar sem staðgöngumæðrun er bönnuð með lögum. Stofan vill vekja athygli á ólíkri réttarstöðu kynjunum að þessu leiti.

Jafnréttisstofa fagnar endurskoðun þessarar laga og bættri réttindastöðu samkynhneigðra sem af þeim geta leitt.

Virðingarfyllst,


Hugrún R. Hjaltadóttir
Sérfræðingur


Margrét María Sigurðardóttir
frankvæmdastjóri